

Sp.

949. Tillaga

til þingsályktunar um skipun millipinganevndar til að íhuga fossamál landsins.

Frá Sogsfossanefnd Ed.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd, til að taka til íhugunar fossamál landsins, og skal verkefni nefndarinnar sjerstaklega vera:

1. Að athuga hverjar breytingar nauðsynlegt er að gera á gildandi fossalöggjöf.

2. Að afla sem ítarlegasta upplýsinga og skýrslna um fossa i landinu og notagildi þeirra.
3. Að athuga, hvort tiltækilegt sje, að landið kaupi vatnsafl og starfræki það.
4. Að athuga, hvort og með hvaða kjörum rjett sje að veita fossafjelaginu »Ísland« og öðrum slíkum fjelögum, er umsóknir kunna að senda, lögheimild til að starfrækja fossafl hjer á landi.

Nefndin skal senda stjórninni álit sitt og tillögur, ásamt lagafrumvörpum, er hún kann að semja, eins fljótt og því verður við komið, og væntir þingið þess fastlega, að það geti orðið, sjerstaklega að því er 1. og 4. lið snertir, svo tímanlega, að leggja megi fyrir næsta þing.